



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2011

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um meðferð frumvarps stjórnlagaráðs til stjórnskipunarlaga, 140. löggjafarþing 2011 -2012. Þingskjal nr. 6 – 6. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar. Markmið tillögunar er að frumvarp stjórnlagaráðs til stjórnskipunarlaga fái ítarlega og vandaða meðferð, sem og umsögn þjóðarinnar allrar áður en Alþingi tekur málið til beinnar efnislegrar meðferðar sem frumvarp.

MRSÍ fagnar tillögunni og ítrekar nauðsyn þess að þetta mál fái vandaða yfirferð sérfræðinga áður en að það verði lagt fyrir þjóðina til álitsgjafar. Í yfirferð MRSÍ um frumvarpið og skýringar með því hefur okkur orðið ljóst að meiri vinnu þarf að leggja í frumvarpið og skýringar þess til þess að það nái að standa undir nafni. Því telur MRSÍ að liður b í þingsályktunartillögunni sé mikilvægur og einnig er nauðsynlegt að setja tímaramma á þessa yfirferð til þess að hún dragist ekki úr hófi.

Nú þegar hefur farið fram einhver kynning á frumvarpi stjórnlagaráðs á almennum vettvangi en alltaf má gera betur. MRSÍ er því sammála að frekari kynning ætti að fara fram til allra landsmanna, í samvinnu við fjölmiðla. Gera þarf almenningi ljóst hversu mikilvægt er að stjórnarskrá landsins, sem er grundvallarplagg hvað varðar stjórnskipan þess og vernd mannréttinda, sé vel samin og standi tímans tönn.

MRSÍ telur einnig nauðsynlegt að vel ígrunduð ákvörðun verði tekin um það hvernig á að bera frumvarp stjórnskipunarlaga undir þjóðina og ljóst er að líta verður til þess sem er hagkvæmast, áhrifaríkast og leiðir til mestrar sáttar fyrir þjóðina í heild.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Margrét Steinarsdóttir  
framkvæmdastjóri